

Menningarnefnd

170. Fundur

2.nóvember 2018 frá kl. 12 – 13 á veitingarstaðnum Hraunið.

**Fundinn sátu:** Erla Gunnlaugsdóttir, Jón Kristinn Ásmundsson, Einar Magnús Gunnlaugsson, Ragnheiður Víglundsdóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Rut Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

### **Pakkhús Snæfellsbæjar**

Ræddar voru niðurstöður fundar með bæjarstjórn. Sköpuðust miklar umræður um framtíð safnsins. Ragnheiður lýsir yfir vonbrigði við ákvörðun bæjarstjórnar.

Menningarnefnd ítrekar að íbúðarfundur verður haldin varðandi hugmyndir að nýju safni. Eins að þegar núverandi safn verður tekið niður fari fram vinna við yfirferð á skráningu safnamuna, bæði Pakkhúsi og í geymslu.

### **Leikhópurinn Lotta**

Heildarkostnaður fyrir verkið er kr. 380.000,- Menningarnefnd mun greiða kr. 200.000,- og rest mun skiptast á milli foreldrafélaga leikskólanna.

Um er að ræða sýningarferð um landið með leikritið Rauðhetta. Í Snæfellsbæ verður sýning 29.mars 2019 í Klifi og verður opin öllum að sjá.

## **Jólaþorp Snæfellsbæjar**

Ákveðið var að breyta tímasetningum og verður þorpið opið þessi jólin laugardaginn 1. desember frá kl. 13-17 í Átthagastofu Snæfellsbæjar og Pakkhúsi.

Nú þegar hafa tveir veitingarstaðir staðfest komu sína ásamt nokkrum fyrirtækjum í bænum. Eins verður auglýst *REKO Vesturland* afhending í Snæfellsbæ þennan dag.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 13:00